



SÁL2A05

Námsáætlun, Vor 2023

Kennari/kennarar:

Aron Tómas Haraldsson

Netfang/netföng:

aron.haraldsson@borgo.is

Lýsing:

Þetta er grunnáfangi í sálfræði og ætlað að kynna nemendum fræðigreinina sálfræði, eðli hennar sögu og þróun. Helstu sálfræðistefnur eru kynntar og grunnhugtök. Þá er fjallað um starfssvið sálfræðinga og helstu undirgreinar. Nemendur kynnast rannsóknaraðferðum sálfræðinnar bæði bóklega og verklega. Fjallað er sérstaklega um námssálfræði bæði á fræðilegan og hagnýtan hátt og nemendur læra um mismunandi tegundir náms og minnisaðferðir. Fjallað er um samspil hugsunar, hegðunar og tilfinninga, sjálfsmýnd, mannleg samskipti, þróun náinna sambanda og almennt um mannlegt eðli.

Þekkingar-, leikni- og hæfniviðmið:**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- helstu viðfangsefnum sálfræðinnar.
- helstu þáttum sem móta sálarlíf einstaklinga.
- mismunandi rannsóknaraðferðum sálfræðinnar.
- námssálfræði og starfsemi minniskerfa.
- helstu frumkvöðlum sálfræðinnar.
- helstu stefnum og undirgreinum sálfræðinnar.

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa í eigin hegðun, hugsun og tilfinningar.
- greina þá þætti sem að móta sálarlíf einstaklinga.
- beita mismunandi rannsóknaraðferðum á mismunandi viðfangsefni sálfræðinnar.
- lesa í og skilja umfjöllun um helstu hugmyndir sem mótað hafa sálfræðina.
- beita þekktum hugtökum sálfræðinnar á viðeigandi máta. koma þekkingu sinni fram á munnlegan og skriflegan hátt.
- skrifa rannsóknarskýrslu í sálfræði.

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera sér grein fyrir samspili hegðunar, hugsunar og tilfinninga sem er metið með samvinnunámi og ljósmyndaverkefni.
- bæta sjálfsmýnd og andlega heilsu til að verða hæfari manneskja í nútíma samfélagi sem er metið með persónulegum verkefnum.
- meta á gagnrýninn og uppbyggilegan hátt eigið vinnuframlag og annarra í verkefnavinnu sem er metið með sjálfsmati og jafningjamati.
- vinna verkefni í hópinnu og koma frá sér sálfræðilegum viðfangsefnum munnlega í kennslustundum.
- framkvæma raunverulega rannsókn á sviði sálfræðinnar og skilað útkomu hennar í rannsóknarskýrslu. (*)



Námsmat:

Vikuverkefni

3 vikuverkefni 30%

Tímaverkefni

Tímaverkefni K1 10%

Tímaverkefni K6 10%

Tímaverkefni K3 10%

Tímaverkefni K5 og K4 5%

Glósur 5%

Önnur verkefni

Ljósmyndaverkefni 5%

Rannsókn 1 5%

Raðmorðingjar og stefnur sálfræðinnar 5%

Rannsókn 2 og skýrsla (*) 15%

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Í þessum áfanga er símat en þá þarf að ná **4,5** eða hærra **að meðaltali** úr öllum verkefnum.

Mæting, ástundun og virkni í tímum skiptir miklu máli í þessum áfanga. Mikilvægt er að skila verkefnum á réttum tíma. Verkefni og verkefnaskil verða inn á INNU og skyldumæting er í öll vikuverkefni.

Rannsókn 2 og skýrslan sem fylgir henni er skylduverkefni og það þarf að ná 5 úr þeim hluta til að standast áfangann (Sjá stjörnumerkingu í þekkingar-, leikni- og hæfniviðmiðum og í námsmatinu).

Ef nemandi verður uppvís að því að nota verkefni annarra nemenda eða fyrri nemenda þá getur það varðað brottrekstur úr áfanga.

Kennari óskar þess að nemendur sendi sér einungis tölvupóst aron.haraldsson@borgo.is. ef þeir vilja spyrja að einhverju eða komi með spurningar í upphaf kennslustunda. Kennari svarar ekki á facebook eða í síma. Svör frá kennara koma á vinnutíma frá 8-17.

Námsgögn:

Inngangur að sálfræði eftir Kristján Guðmundsson og Lilju Ósk Úlfarsdóttur. Forlagið 2008



Vika	Dags.	Námspættir	Námsmatspættir
1	5.-6. janúar	Kafli 1: Hvað er sálfræði? (kynning á áfanga)	
2	9.-13. janúar	Kafli 1: Hvað er sálfræði?	Tímaverkefni 1 og 2 (5%)
3	16.-20. janúar	Kafli 1: Hvað er sálfræði? Vinna í ljósmyndaverkefninu	Skil á ljósmyndaverkefninu (5%)
4	23.-27. janúar	Kafli 1: Hvað er sálfræði? Upprifjun	Tímaverkefni 3 og 4 (5%)
5	30. jan- 3. febrúar	Kafli 1: Hvað er sálfræði?	Vikuverkefni 1 (10%)
6	6.-10. febrúar	Kafli 6: Rannsóknir í sálfræði	Tímaverkefni 5 (2%) SKÓHLÍFADAGAR
7	13.-17. febrúar	Kafli 6: Rannsóknir í sálfræði	Tímaverkefni 6 og 7 (4%) VÖRÐUVIKA 1
8	20.-23. febrúar	Kafli 6: Rannsóknir í sálfræði Vinna í rannsókn 1	Tímaverkefni 8 og 9 (4%) VORANNARHLÉ
9	28. febrúar- 3. mars	Kafli 6: Rannsóknir í sálfræði	Skila rannsókn 1 og kynna (5%)
10	6.-10. mars	Kafli 3: Stefnur sálfræðinnar	Tímaverkefni 10 og 11 (5%)
11	13.-17. mars	Kafli 3: Stefnur sálfræðinnar	Tímaverkefni 12 og 13 (5%) Skila verkefni um raðmorðingja (5%)
12	20.-24. mars	Kafli 3: Stefnur sálfræðinnar	Vikuverkefni 2 (10%) VÖRÐUVIKA 2
13	27.-31. mars	Kafli 5: Hugræn sálfræði Vinna í minnisrannsókninni	Tímaverkefni 14 (2,5%) VALDAGUR VÖRÐUVIKA 2
14	3.-11. apríl	PÁSKALEYFI	
15	12.-14. apríl	Kafli 5: Hugræn sálfræði Vinna í minnisrannsókninni	
16	17.-21. apríl	Kafli 5: Hugræn sálfræði Vinna í minnisrannsókn	Skila skýrslu um rannsókn (15%)
17	24.-28. apríl	Kafli 4: Námssálfræði	
18	1.-5. maí	Kafli 4: Námssálfræði	Tímaverkefni 15 og 16 (2,5%)
19	8.-12. maí	Kafli 4: Námssálfræði	Vikuverkefni 3 (10%) Glósur (5%)
20	15.-16. maí		VARÐA 3 Kennslu lýkur

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.